

Borgarstjórn Reykjavíkur

19. maí 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu greiði í hlutföllum með rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Reykjavíkurborg greiðir 18% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands samkvæmt lögum frá árinu 1982. Sinfóníuhljómsveitin er þjóðarhljómsveit sem hefur aðsetur í Hörpu. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru 211.000 en 42% þeirra búa í öðrum sveitarfélögum en í Reykjavík. Borgarstjórn lýsir sig reiðubúna til að styðja við Sinfóníuhljómsveit Íslands en þó einungis 58% af núverandi framlagi enda muni önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu greiða 42% af því framlagi sem Reykjavíkurborg hefur greitt fram til þessa. Borgarstjórn lýsir yfir að skylduþátttaka borgarinnar í rekstri hljómsveitarinnar með lögum sé ósanngjörn enda koma áheyrndur hennar af öllu suðvesturhorni landsins. Borgarstjórn sættir sig ekki við að Reykjavík, eitt sveitarfélag, beri þennan kostnað og lítur svo á að annað hvort geri það öll sveitarfélögin á svæðinu eða ekkert þeirra. Borgarstjórn felur borgarstjóra að taka þetta mál upp við ríkisstjórn Íslands og óska eftir því að önnur sveitarfélög taki þátt í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar, eins og heimilt er í lögum, en ella að lagðar verði til breytingar á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem jafnræði verði gætt meðal sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem standa eiga að rekstrinum.